


1974–2014
Kammersveit
Reykjavíkur
40 ára



Kammersveit Reykjavíkur
40 ára

Kammersveit Reykjavíkur
40 ára
1974 – 2014

Útgefandi
Kammersveit Reykjavíkur

Texti
Reynir Axelsson

Hönnun/umbrot
Vinnustofa Atla Hilmarssonar

Prentun og bókband
Guðjón Ó – Umhverfissvottuð
prentsmiðja



Letur
Greta Text

Pappír
GalerieArt silk
Gunnar Eggertsson hf.

Ljósmyndir
Arnaldur Halldórsson
Árni Sæberg
Einar Falur Ingólfsson
Gunnar Vigfússon
Ragnar Axelsson
Sveinn Speight
og fleiri

© Kammersveit Reykjavíkur 2014
Texti og myndir, hjá höfundum

Bók þessa má ekki afrita með
neinum hætti, svo sem með
ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á neinn sambærilegan hátt, að
hluta eða í heild, án skriflegs leyfis
höfundarréttshafa og útgefanda.

1974–2014
Kammersveit
Reykjavíkur
40 ára



Frá tónleikum í Listasafni Íslands
2007.



Kammersveitin æfir *Dover Beach*
eftir Samuel Barber 1982.



Æft fyrir jólatónleika 1978.



Stofnfélagar Kammersveitar
Reykjavíkur vorið 1974. Graham,
Jón, Lárus, Rut, Hans, Kristján,
Gunnar, Sigurður, Jón, Helga,
Stefán, Pétur.



Frá tónleikum í Listasafni Íslands
2007.



Frá tónleikum í Listasafni Íslands
2007.



Menningarmiðstöðin í
Gerðubergi 1983.



Á leið á æfingu á Bartók og
Brahms 1985.



Pourquoi-pas hátíðin 2007,
tónleikar í Hallgrímskirkju.
Stjórnandi Daniel Kawka.



Í Son Marroig aðalsetrinu á
Mallorca 2010.



Tékkneskt prógramm í Listasafni
Íslands 2009.



Æft heima í stofu hjá Helgu
Ingólfssdóttur 1975.



Kammersveitin frumflytur
verk Atla Heimis Sveinssonar
Á gleðistundu við vígslu
Borgarleikhússins 1989.



Halldór, Gunnar og Pétur æfa
Plutôt blanche qu'azurée eftir Atla
Heimi Sveinsson 1980.



Á jólatónleikum í Áskirkju 2009.



Kammersveitin æfir *Grand Septuor
Militaire* eftir Hummel 1979.




Norræn listahátíð í Íslensku
óperunni 1995.

Kammersveit Reykjavíkur fertug

Blaðað í gömlum efnisskrám

Reynir Axelsson



Tónleikar á Kjarvalsstöðum 2007

Fyrstu tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur voru haldnir 4. ágúst 1974 að Kjarvalsstöðum. Þá var þjóðhátíð, ellefu hundrað ára afmæli Íslandbyggðar, og þetta voru sérstakir þjóðhátíðartónleikar. Til margra menningarviðburða var stofnað þetta ár og ýmislegt sett á fót í tilefni afmælisins. En ekki hefur margt af því reynzt jafnlanglíft og Kammer-sveitin, né skilið eftir sig dýpri spor í menningu landsins.

Í viðtali sem Bergþóra Jónsdóttir átti við Rut Ingólfsdóttur í desember 2009 lýsti Rut aðdragandanum að stofnun sveitarinnar:

Þetta var ekki bara minn draumur. Við vorum nokkur sem spiluðum saman í barokkvintett Helgu Ingólfsdóttur, Helga, Kristján Stephensen óbóleikari, Jón Sigurbjörnsson flautuleikari, Pétur Þorvaldsson sellóleikari og ég. Hugmyndin að Kammersveitinni þróaðist í því samstarfi. Þarna spiluðum við eingöngu barokktónlist, en okkur langaði til að geta breikkað efnisvalið og stækkað hópinn. Kristján og Jón voru líka í Blásarakvintett Tónlistarskólans og komu með þá hugmynd að sameina hópana. Þá bættust við Gunnar Egilson á klarínnett, Hans Ploder og Sigurður Markússon á fagott og Stefán Stephensen á horn. Við bættum svo Lárusi Sveinssyni við á trompet, Graham Tagg á víólu og Jóni Sigurðssyni á kontra-bassa. Þetta voru hinir eiginlegu stofnfélagar Kammersveitar Reykjavíkur.

Því má bæta við að Kammersveitin hefur komið fram með eða án hljómsveitarstjóra eftir því hvers efnisskrá tónleika krefst í það og það skiptið, og að fyrstu árin féll það hlutverk oftast í hendur Páls Pampichler Pálssonar, þótt margir aðrir hafi síðar einnig komið við sögu, og þar á meðal ýmsir góðir gestir, eins og vikið verður að hér á eftir.

Efnisskrá fyrstu tónleikanna vísaði að mörgu leyti veginn um það sem koma skyldi. Tónleikarnir hófust á *Concerto grosso* nr. 1 í D-dúr eftir Arcangelo Corelli. Þar næst söng Elísabet Erlingsdóttir með sveitinni brúðkaupskant-ötuna *Weichet nur, betrübte Schatten* BWV 202 eftir Johann

Efniskrá

Arangelo Corelli (1653-1713):
Concerto grosso nr. 1, D-dúr.

Large, allegro, largo, allegro
Large
Allegro
Allegro

Johann Sebastian Bach (1685-1750):

„Weichet nur, betrübte Schatten“.

Brúskauptantata, BWV 103.

Adagio, andante, adagio
Aria
Recitativo
Aria
Recitativo
Aria
Recitativo
Cavatte

Páll P. Pálsson (1928-):
Kristallir.

Bonusslav Martini (1890-1959):

Nonetto.
Poco allegro
Andante
Allegretto

Hljómsveitarformið concerto grosso þrúðst 4. 17. öld. A. Corelli (1653-1713) lagði til þessa-
arar þrúðst eru stóran skurð, að hana hefur oft
verið nefndur faðir þessa form. Í concerto
grosso er fánemma hóf einleikara (solo) stefat
gegn fjólfemur hóf meðleikara (tutti). Upp-
runalega voru þessir tvíur hófar aðskildir í fja-
lagð og á að hugmynd uppruna sinn í Marksmar-
kirkjunni í Feneýjum.

Það er vilur okkar að flytja þetta form að
í aðal við eins upphaflega mynd. Myndaðir eru
tvíur fjólfemur hófar á sviðinu, aðskildir af
tveim samhólmum. Annars vegar solo: 1. fífla,
2. fífla og bassi continuo (sello, sméball),
hins vegar tutti: 1. fífla, 2. fífla, viola og
bassi continuo (sello, kontrabassi, sméball).

Ekki er vitað hvaða ár J.S. Bach (1685-1750)
skrifaði brúskauptantönnu, en eftir texta hana
að hana hefur það verið að vori, því þar skýfir
frá þökkandi að. frá hita í lofti, frá hló-
kappum en einnig frá Amor, sem er að fjólfemur
nállagur á þessum tíma áru.

Kantata er samla sem hamingjuþát til þess.
hjóla líklega af borgarættum frókar en aðla-
ttinn, ef hana að af því, að hún kréft aðeins
eins einnögvara og áfíðra hljóðsmaleikara:
dóda, strengja og bassi continuo.

Páll P. Pálsson samdi verkis „Kristallir“
veturinn 1970 og var verkisð frumflutt á fyrstu
listahátíð í Reykjavík 1970. Hljómsveitin Páll
P. Pálsson stjórnað hár verki eins stjórnað og
hefur Kammerkíómsveit Reykjavíkur hana vel-
kominn til samstarfs í nútíð og framtíð.

Nonetti Bonusslav Martini (1890-1959) er sátt
af afkastu verkum þessa verka tóknaða hófundar
og byktir endurðna mörg víðkenni tóknaðrar ál-
þjófudmálar lífins alda. – Verkið er samdið
fyrir og tilteknað „Tóknaða nonettinu“, sem
hefur verið einn fráværðr tóknaðra tóknaða
um árabli. Frumflutti nonettinu verkið á tón-
listarháttíðinni í Salzburg 1959.

Aria:

Weichet nur, betrübte Schatten,
Frost und Wind, geht zur Ruh!
Flühen Lust
Will der Brust
Nicht als frohen Glück veratzen,
Denn sie trägt die Blumen zu.

Recitativo:
Die Welt wird wieder neu,
Auf Bergen und in Gründen
Will sich die Anmut doppelt schön verbinden,
Der Tag ist von der Kälte frei.

Aria:
Flühen eilt mit schnellen Pferden
Durch die neugeborne Welt;
Ja, weil sie ihm wohlgefällt,
Will er selbst ein Hüter werden.

Recitativo:
Denn auch Amor sein Vergnügen,
Wenn Purpur in den Wiesen lacht,
Wenn Fluren Dracht sich herrlich macht
Und wenn in seinem Reich
Den schönen Blumen gleich,
Auch Herzen feurig liegen.

Aria:
Wenn die Frühlingslüfte streichen
Und durch bunte Felder wehen,
Pflügt auch Amor auszuschießen,
Um nach seinem Schneck zu sehen,
Welcher glaubt man, dieser ist,
Dann ein Herz das andre küsst.

Recitativo:

Und dieses ist das Glück,
Denn durch ein böses Gutes
Zwei Seelen einen Schneck erlangt,
An dem viel Heil und Segen prangt.

Aria:
Sich üben im Lieben,
In Scherzen sich berzen
Ist besser als Fluren vergängliche Lust,
Hier quellen die Wellen,
Hier lachen und waschen,
Die stegenden Palmen auf Lippen und Brust.

Recitativo:
So sei das Band der heuchel Liebe,
Verlobte Zwei,
Vom Unbestand des Wechsels frei!
Denn Jüher Fall,
Koch Donnerknall
Zerschreke die verliebten Trübe!

Cavatte (Aria):
Bist du in Zufriedenheit
Tausend helle Wohlfahrtstage,
Dann bald bei der Folgeszeit
Sich Liebe Blumen tragt!

Sebastian Bach. Eftir hlé var svo leikið verkið *Kristallar* eftir Pál Pampichler Pálsson, og síðast á efnisskránni var *Nonetto* eftir Bohuslav Martinů. En það er óhætt að segja að megináherzla Kammersveitarinnar alla tíð síðan hafi verið að flytja annarsvegar tónlist frá barokktímanum, en hinsvegar íslensk verk og verk erlendra tónskálda frá tuttugustu og (nú á síðustu árum) tuttugustu og fyrstu öld, þótt hún hafi að sjálfsögðu einnig sinnt tónlist frá klassísku og rómantísku tímabilunum, þótt í nokkuð minna mæli hafi verið.

Sveitin einsetti sér í upphafi að efna til fernra áskriftartónleika á hverju starfsári og hefur í meginatriðum haldið þeirri stefnu, þótt sum árin hafi hún aðeins ráðgert og haldið þrenna áskriftartónleika. En strax frá fyrsta árinu hefur hún sinnt miklu fleiri verkefnum. Tökum hér einungis fyrsta starfsárið sem dæmi: Þá hélt sveitin eins og ráðgert var sína fernu áskriftartónleika fyrir utan þjóðhátiðartónleikana, en einnig kom sveitin eða hluti hennar fram á tvennum Háskólatónleikum, á aðventukvöldi í Bústaðakirkju, við setningarathöfn Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem leikinn var konsert eftir Leopold Mozart fyrir trompet, tvö horn og strengi, á ráðstefnu í tilefni alþjóðlega kvennaársins og á sérstökum tónleikum á lokaðri myndlistarsýningu til heiðurs Ragnari Jónssyni í Smára, þar sem einungis voru flutt verk eftir Leif Þórarinsson.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum fjörutíu árum, og tónlistarlífið í landinu hefur tekið stakkaskiptum. Það er gaman að bera saman tvær blaðagreinar um tónlistina í landinu, sem eru skrifaðar með þrjátíu ára millibili. Fyrri greinin er frá febrúar 1980 eftir Jón Þórarinsson, tónskáld, og höfundurinn segir hana skrifaða „til athugunar og minnis fyrir stjórnmalamenn“. „Nú er því svo farið, því miður,“ segir í greininni, „að menningarstarfsemi á afar fáa málsvaia í hópi stjórnmalamanna. Það sé fjarri mér að segja að alþingismenn séu beinlínis óvinveittir menningunni, en hitt verður varla hrakið, að í hópi þeirra eru fáir, sem líklegir væru til að taka upp baráttu fyrir lista- eða menningarstarfsemi að fyrri bragði eða án „þrýstings“ úr

einhverri átt.“ Greinin er skrifuð í tilefni af Myrkum músíkdögum, sem hafði þá nýlega verið hleypt af stokkunum í fyrsta sinn með fimm tónleikum, þar á meðal einum tónleikum Kammersveitarinnar. „Ég leyfi mér að fullyrða það í allri hógvæð,“ segir Jón, „að allir þessir tónleikar uppfylltu ströngustu listrænar kröfur, bæði að efni og flutningi.“ En samt sem áður finnur hann ástæðu til að hafa áhyggjur, því að „mestöll tónlistarstarfsemi í landinu hvílir á afar ótryggum grunni.“ Hann telur svo upp í sex liðum það sem honum finnst að stjórnmalamenn mættu gera til eflingar tónlistarlífi í landinu. Fyrsti liðurinn er að sett verði lög til að tryggja starfsgrundvöll Sinfóníuhljómsveitar Íslands en annar liðurinn hljómar þannig: „Styðja þarf iðkun kammertónlistar í landinu, t.d. Kammersveit Reykjavíkur, sem unnið hefur mikilvægt starf í einskonar þegnskylduvinnu á undanförunum árum, svo og aðra slíka flokka, sem hafa getu og vilja til nytsamra starfa, og ekki síður utan höfuðborgarsvæðisins en á því.“ Við látum hér staðar numið í upptalningunni, sem þó er fróðleg.

Seinni greinin er eftir Sigursvein Magnússon, tónlistarskólastjóra, frá febrúar 2010. Sigursveinn segist hafa hitt góðan vin á götu sem undraðist að nýlega hafi unglingar flutt 9. sinfóníu Beethovens í tvígang fyrir fullu húsi, en fyrir aðeins fáeinum áratugum hefði það þótt stórvirki að Sinfóníuhljómsveit Íslands og Söngsveitin Filharmónía skyldu ráða við að flytja þetta verk. „Hvaðan kemur allur sá skari æskufólks sem er skapandi í músík?“, spyr vinur Sigursveins og telur upp yfir fimmtán tónlistarhátíðir sem eru haldnar árlega víðsvegar um landið og meira en átta tónlistarhópa sem starfa reglulega við flutning sígildrar tónlistar eða djass-tónlistar (án þess þó að þessi upptalning sé endilega tæmandi), svo að ekki sé talað um allan þann fjölda hljómsveita sem fást við dægurtónlist. Sigursveinn hefur svarið á reiðum höndum: „Árið 1966, er stórvirki Beethovens var fyrst flutt og Ísland kvaddi sér hljóðs á þessu sviði heimsmenningarinnar, var blekið rétt að þorna af nýrri lagasetningu Gylfa Þ. Gíslasonar um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, en þar með hófst



Kammersveitin í Listasafni Íslands 2010.



Flestir hljóðfæraleikaranna á fyrstu tónleikunum 4. ágúst 1974.



Æft fyrir jólatónleika í kirkju
Óháða safnaðarins 1982.



Nína Margrét Grímsdóttir leikur
einleik á Mozart tónleikum í
Ráðhúsinu 1992.



Einar Jóhannesson leikur einleik á 250 ára afmæli Mozarts í Langholtskirkju 2006.



Á Mozart tónleikum í Ráðhúsinu 1992.

menningarsókn sem enn sér ekki fyrir endann á. [...] Fyrir tilstilli lagasetningar Gylfa og síðar Vilhjálms Hjálmarssonar urðu til tækifæri til menntunar í hljóðfæraleik og söng og með árunum varð til fjöldahreyfing sem bar uppi þessa miklu grósku.“

Hvað má læra af samanburði þessara tveggja blaðagreina? Fyrst kannski það að einungis þarf einn eða tvo stjórnámamenn á valdastóli sem hafa skilning og áhuga á menningarstarfsemi til að breyta heilu þjóðfélagi til betri vegar. Hins vegar það, að þeir eru ekki alltaf á hverju strái. Af þeim sex liðum sem Jón Þórarinnsson taldi upp hefur kannski aðeins einn komið til fullrar framkvæmdar: Sinfóníuhljómsveit Íslands virðist nú vera komin á nokkuð öruggan kjöl. Hinir liðirnir hafa svo sem ekki alveg verið vanræktir, en það er óhætt að segja að ennþá hvíli mikið af því blómlega tónleikahaldi sem fyrirfinnst í landinu á „afar ótryggum grunni“ fjárhagslega og sé meira haldið uppi af þekkingu og færni tónlistarfólksins sem að því stendur, venjulega í einhverskonar þegnskylduvinnu, en af meðvitaðri og skipulagðri aðstoð og yfirsýn opinberra aðila. Enn virðast fáir stjórnámamenn vera líklegir til að „taka upp baráttu fyrir lista- eða menningarstarfsemi að fyrri bragði“, svo notuð séu orð Jóns Þórarinnssonar.

Starfsemi Kammersveitar Reykjavíkur hefur hlotið fjárstyrki bæði frá ríki og borg, en aldrei hefur verið á örugg mið að sækja í þeim efnum, og það er óhætt að segja að hún hafi fyrst og fremst verið borin uppi af einskærum áhuga og eldmóði þess tónlistarfólks sem hefur starfað í sveitinni og með henni. Einnig virðist ekki á neinn hallað þótt sagt sé að Rut Ingólfssdóttir, sem veitti sveitinni forustu frá stofnun og til ársloka 2009 og hefur ekki alls fyrir löngu tekið við stjórn hennar að nýju, hafi með áhuga sínum, einurð og dugnaði náð að styrkja Kammersveit Reykjavíkur svo í sessi að í hugum flestra er hún ein helzta stoðin í tónleikahaldi landsmanna, næst á eftir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Til að gera mér einhverja grein fyrir umfangi þess starfs sem Kammersveit Reykjavíkur hefur innt af hendi í þágu

íslenzks tónlistarlífs hef ég að undanfögnu blaðað í efnis-skrám tónleika Kammersveitarinnar frá upphafi. Þar er ekki um vísindalega könnun að ræða, og þær athugasemdir sem hér fara á eftir ber að skoða í því ljósi. Sér í lagi ber að nefna að tölur sem nefndar eru þarf að taka með hæfilegum fyrirvara, því að ekki er alltaf fullkomlega ljóst hvernig telja skal, og auk þess er ekki víst að öll kurl séu komin til grafar: Nýjar heimildir gætu ennþá skotið upp kollinum. Samt getur varla skeikað verulega miklu, þannig að þær ættu að gefa sæmilega góða mynd, þrátt fyrir að reikna meggi með einhverjum skekkjum.

Ég vona að lesandinn afsaki að stundum leyfi ég mér að hafa langar upptalningar af nöfnum tónverka eða tónskálda; en mér fannst að stundum gæfi það einmitt einna bezta mynd af umtali þess starfs sem Kammersveitin hefur innt af hendi.

Á þessum fjörutíu árum hefur Kammersveitin flutt ein 400 tónverk eftir 160 erlend tónskáld, og rétt rúmlega 130 verk eftir 40 innlend tónskáld; alls um það bil 530 verk eftir 200 tónskáld. Mörg þessara verka hefur sveitin flutt oftast en einu sinni; og ef við teljum flutningana frekar en verkin, þá verður útkoman nálægt 940, og að meðaltali hefur því hvert verk verið flutt um það bil 1,8 sinnum.

Barokktíminn

Sé það haft í huga að Kammersveitin er næstum að helmingi til sprottin upp úr barokktónlistarhópi kemur ekki á óvart að barokktónlist hefur verið einn sterkasti þátturinn í starfi hennar. Af verkunum eftir erlend tónskáld sem sveitin hefur flutt er um það bil þriðjungurinn frá barokktímanum. Þau hafa svo sem verið flutt á ýmsum tímum ársins, en þó fer mest fyrir þeim um hátíðar, og þá einkum um jólin. Tónskáld barokktímans kunnu þá list að semja tónlist sem hefur á sér hátíðarblæ og getur hrifið áheyr- endur upp úr hversdagslegri tilveru sinni inn í annan og viðhafnarmeiri heim; nokkuð sem var eflaust vel þegið á þeim tíma sem verkin voru samin, en er kannski ekki síður hollt fyrir okkur, sem lifum á vélvæddari veraldarhyggju- tímum. Barokktónlist hefur verið næstum því alráð á jólatónleikum Kammersveitarinnar; yngri tónlist hefur aðeins heyrzt þar örsjaldan

Jólatónleikarnir hafa verið fastur liður í starfi Kammer- sveitar Reykjavíkur allt frá upphafi, og nú er svo komið að þeir eru líka orðnir ómissandi hluti af jólahaldi margra borgarbúa. Þeir hafa verið haldnir í desember ár hvert síðan Kammersveitin var stofnuð, nema árið 1984, en þau jól voru þeir ekki haldnir fyrr en á þrettándanum, 6. janúar 1985, væntanlega vegna þess að þá mátti sameina þá því mark- miði að halda upp á 300 ára afmælisár Johanns Sebastians Bach, sem fæddist árið 1685; á tónleikunum voru einungis flutt verk eftir hann. Jólatónleikarnir í desember 1985 voru hins vegar helgaðir Georg Friedrich Händel, sem fæddist sama ár og Bach. Eitt árið, nefnilega 1998, voru jólatón- leikarnir tvennir, því að þá voru allir sex Brandenborgar- konsertar Bachs fluttir á tvennum eftirminnilegum tónleikum 17. og 20. desember.



Schönberg kvöld með Zukofsky í
Áskirkju 1987.



Tónleikar með verkum Jóns
Ásgeirssonar á Kjarvalsstöðum
2002.



Fagottleikararnir Hafsteinn Guðmundsson og Rúnar H. Vilbergsson 1989.

Á tuttugasta afmælisári Kammersveitarinnar 1994 var gefinn út geisladiskur sem var einfaldlega nefndur *Jólatónleikar*. Það leikur sveitin verk sem hún hafði áður flutt á jólatónleikum sínum, að vísu ekki öll á sömu tónleikunum, en þau mynda samt heildstæða dagskrá.

Það kemur ekki á óvart að *Concerto grosso op. 6 nr. 8*, „*Jólaconcertinn*“ eftir Arcangelo Corelli, sem ber yfirskriftina *Fatto per la notte di Natale* (*Gert fyrir fæðingarnóttina*), sé sú tónsmíð sem Kammersveitin hefur oftast flutt, eða ellefu sinnum, að mér telst til. Næstvinsælustu barokkverkin eru konsert í d-moll fyrir fiðlu, óbó, strengjasveit og fylgirödd BWV 1060R eftir Johann Sebastian Bach, en hann var fyrsta verkið á fyrstu jólatónleikum sveitarinnar og hefur verið fluttur átta sinnum, þar af sex sinnum á jólatónleikum, og Brandenburgarkonsert nr. 2 í F-dúr BWV 1047, einnig eftir Bach, en hann var lokaverkið á fyrstu jólatónleikunum og hefur einnig verið fluttur átta sinnum á tónleikum sveitarinnar, þar af fimm sinnum á jólatónleikum.

Fjöldi þeirra barokktónskálda sem Kammersveitin hefur leikið verk eftir er töluverður. Hér eru þau sem hafa átt þrjú verk eða færri á tónleikum sveitarinnar (en sum hver þó leikin oftar en einu sinni): Tomaso Albinioni, Johann Georg



Hjónin Guðrún Birgisdóttir og Martial Nardeau 1989.



Dvořák Serenadan í Listasafni Íslands 2003.

Albrechtsberger, Dieterich Buxtehude, André Campra, Arcangelo Corelli, François Couperin, Johann Friederich Fasch, Nicola Fiorenza, Francesco Geminiani, Carl Heinrich Graun, Johann Wilhelm Hertel, Anthony Holborne, Jean-Marie Leclair, Pietro Antonio Locatelli, Jean-Baptiste Lully, Francesco Manfredini, Marin Marais, Johann Melchior Molter, Jaques-Christophe Naudot, Giovanni Battista Pergolesi, Johann Pezel, Henry Purcell, Johann Joachim Quantz, Jean-Philippe Rameau, Alessandro Scarlatti, Samuel Scheidt, Gaetano Maria Schiassi, Giuseppe Tartini, Giuseppe Torelli og Unico Wilhelm Graf van Wassenaer.

Sveitin hefur flutt fjögur verk eftir Jan Dismas Zelenka, tékkneska tónskáldið sem Johann Sebastian Bach hafði í miklum metum, enda var hann einn af örfáum tónskáldum barokktímans sem komst eitthvað nálægt Bach í færni við að semja flókna fjöldraddaða tónlist. Þau voru flutt á jólatónleikunum 2008, þar sem einungis voru flutt verk eftir Zelenka, en starfsárið 2008–2009 allt var helgað tékkneskri tónlist. Ef við leyfum okkur að telja með barokktónskáldum þau sem voru upp á sitt bezta þegar barokktíminn var smátt og smátt að líða undir lok og klassíska tímabilið í þann mund að hefjast, þá þarf að bæta við Carl Philipp Emanuel Bach, sem fimm verk hafa verið flutt eftir (þrjú þeirra tvisvar); þar af voru fjögur flutt á jólatónleikunum 2010, sem voru allir helgaðir verkum eftir Carl Philipp. (Sveitin hefur hins vegar aðeins flutt eitt verk eftir bróður hans, Johann Christian Bach, sem hafði svo mikil áhrif á Mozart þegar hann dvaldi í Lundúnum; en að vísu tvisvar.) Sömu leiðis hefur sveitin flutt fimm verk eftir Leopold Mozart, þar af fjögur á jólatónleikunum 2005, sem sömuleiðis voru allir helgaðir verkum eftir Leopold, en þau voru síðan gefin út á geisladiski í flutningi sveitarinnar.

Fjórir barokkmeistarar standa upp úr þegar talin eru þau verk þeirra sem Kammersveitin hefur flutt, og það eru Johann Sebastian Bach, Georg Friedrich Händel, Georg Philipp Telemann og Antonio Vivaldi. Fyrir utan Zelenka, Carl Philipp Emanuel Bach og Leopold Mozart eru þeir líka



Vorfangaður í sveitinni 2009.

þeir einu sem hafa fengið jólatónleika með verkum eftir sig einan, Händel á afmælisárinu 1985, eins og áður var nefnt, Telemann árið 1981, Vivaldi árið 1991, en Bach, fyrir utan 300 ára afmælistónleikana í janúar 1985 og tvennu tónleikana með Brandenburgarkonsertunum árið 1998, sem áður hefur verið skýrt frá, hvorki meira né minna en fjórum sinnum, nefnilega árið 1993, 2000, 2003 og 2009.

Sveitin hefur flutt verk eftir Händel meira en tuttugu sinnum; þá teljum við með tónleika sem hún hélt ásamt Pólyfónkórnum á Spáni í júlí árið 1982. Verk eftir Telemann hefur hún flutt fimmtán sinnum, en verk eftir Vivaldi meira en fjörutíu sinnum (ef við teljum *Árstíðirnar* sem fjóra konserta). Fyrir utan að gleðja áheyrendur hafa sívinsælir konsertar Vivaldis einatt þjónað þeim tilgangi, sem forysta sveitarinnar hefur jafnan lagt áherzlu á, að gefa ungum einleikurum tækifæri til að spreyta sig með því að koma fram með Kammersveitinni.

Kammersveit Reykjavíkur hefur lagt alveg sérstaka áherzlu á flutning verka eftir Johann Sebastian Bach, og hún hefur flutt verk eftir hann oft en nokkurs annars tónskálds, eða sjötíu og fjórum sinnum, ef ég hef talið rétt. Ég held að það sé varla orðum aukið að telja megi Bach einskonar verndardýrling sveitarinnar. Þegar Brandenburgarkonsertarnir voru fluttir á tvennum jólatónleikum árið 1998 fékk sveitin fiðluleikarann og barokk-tónlistarsérfræðinginn Jaap Schröder til að vera konsertmeistara, en hann er Íslendingum að góðu kunnur fyrir mikilsvert starf hans með íslenskum tónlistarfólki á Sumartónleikum í Skálholti. Konsertarnir voru síðan gefnir út í flutningi Kammersveitarinnar á tveimur

Barnamenningarhátíð 2013.



Í Þjóðmenningarhúsinu
haustið 2008.



Bach á Listahátíð í Reykjavík 1978.

Matarbiti fyrir tónleika í
CCA Andratx listasafninu
á Mallorca 2010.



Einleikarar á jólatónleikunum
1990, Áshildur, Bryndís Halla,
Eiríkur, Sigurður og Guðmundur.



Myrkir músíkdagar 2007.



Kammersveitin æfir verk eftir Ravel fyrir tónleika í Menntaskólanum við Hamrahlíð 1977.

geisladiskum, sem hlutu Íslensku tónlistarverðlaunin sem „hljómplata ársins“ árið 2003. Á jólatónleikunum árið 2000 flutti sveitin allar fjórar hljómsveitarsvítur Bachs undir stjórn hljómsveitarstjórans og fiðluleikarans Reinhards Goebel, sem varð heimsþekktur fyrir að stofna og reka barokktónlistarhópinn *Musica Antiqua Köln*. Svítturnar voru síðar gefnar út á geisladiski í flutningi sveitarinnar undir listrænni stjórn Goebels. Á Listahátíð 2012 endurflutti sveitin svo allar svítturnar undir stjórn Richards Egarr. Kammersveitin hefur einnig leikið inn á geisladisk fjóra af konsertum Bachs, fiðlukonsertana tvo í E-dúr og a-moll og konsertinn fyrir tvær fiðlur í d-moll, sem eru einu fiðlukonsertar Bachs sem eru varðveittir í upphaflegri mynd, og konsertinn fyrir óbó, fiðlu og hljómsveit í d-moll, sem er endurgerður eftir umritun Bachs fyrir tvo sembala og hljómsveit. Þessir geisladiskar mynda heildstætt safn af hljómsveitarverkum Bachs, það var tekið eftir þeim erlendis, og þeir hlutu góða dóma. Leitun er á sambærilegri útgáfu sígildrar tónlistar hér á landi.



Í Saitama salnum í Tokyo 2001.

Klassíska tímabilið

Ef Johann Sebastian Bach er það tónskáld barokktímans sem mestan svip hefur sett á starf Kammersveitar Reykjavíkur, þá er Wolfgang Amadeus Mozart það tónskáld klassíska tímabilsins sem hún hefur sótt mest til. Mér telst til að sveitin hafi flutt verk eftir Mozart rúmlega 70 sinnum; þar af eru að vísu ein sex skipti þar sem einungis hefur verið fluttur einn þáttur úr lengra verki, en samt er ljóst að ekkert tónskáld kemst með tærnar þar sem Bach og Mozart hafa hælana í þessu efni.

Einn af góðum gestum sveitarinnar tengist sérstaklega flutningi á verkum Mozarts, og það er Vladimir Ashkenazy. Hann stjórnaði hljómsveitinni (í Serenöðu í c-moll kv 388 eftir Mozart og Oktett fyrir blásara eftir Stravinsky) á fyrstu áskriftartónleikum annars starfsársins í nóvember 1975 og lék með henni Rondó í B-dúr fyrir píanó og hljómsveit eftir Beethoven og píanókonsert nr. 17 í G-dúr kv 453 eftir Mozart. Aftur stjórnaði hann sveitinni á tvennum tónleikum í janúar 2002 og lék þá með henni tvo Mozart-konserta á báðum tónleikunum, þann nr. 12 í A-dúr kv 414 og þann nr. 20 í d-moll kv 466. Loks fór hann með sveitinni í tónleikaferð til Belgíu og Rússlands í maí 2003 og lék þá með sveitinni píanókonsert Mozarts nr. 9 í Es-dúr kv 271 og píanókonsert Beethovens nr. 1 í C-dúr á tónleikum í Brügge, í Nizhny Novgorod, fæðingarborg Ashkenazys, og í Moskvu.

Kammersveitin hefur flutt tvo píanókonserta aðra eftir Mozart, þann nr. 21 í C-dúr kv 467 í október 1992, en þá var einleikarinn Nína Margrét Grímsdóttir, og þann nr. 25 í C-dúr kv 503 á Listahátíð í maí 2006, en þá var einleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson. Einnig má nefna að á þessum síðari tónleikum í maí 2006 flutti Una Sveinbjarnardóttir fjórða fiðlukonsert Mozarts, þann í D-dúr kv 218, og Einar Jóhannesson flutti klarínnettukonsert Mozarts í A-dúr kv 622 með hljómsveitinni, og að á tónleikunum var leikið án stjórnanda.

Ef frá er talið verkið góðkunna *Eine kleine Nachtmusik* fyrir strengjasveit, sem sveitin hefur flutt fjórum sinnum, þar af einu sinni á Höfn í Hornafirði og einu sinni á Hvammstanga (leikið af strengjakvartett utan Reykjavíkur), eru önnur verk Mozarts sem sveitin hefur flutt eiginleg kammerverk, nefnilega sönötur, tríó, kvartettar, kvintettar, og tvö verk fyrir annars vegar sex, hins vegar átta blásturshljóðfæri.

Sum af kammerverkum Mozarts eru meðal hins bezta sem hann samdi. Geisladiskur, sem ber heitið *Kvöldstund með Mozart*, þar sem hljóðfæraleikarar úr Kammersveitinni leika fjögur slík verk, var gefinn út árið 2000.

Af öðrum tónskáldum klassíska tímabilsins eru tveir fyrirferðarmestir í efnisskrám Kammersveitarinnar, þeir Ludwig van Beethoven og Franz Schubert. Þau verk þeirra sem sveitin hefur flutt eru þó ekki ýkja mörg. Eftir Beethoven hefur sveitin flutt (fyrir utan Rondó í B-dúr og fyrsta píanókonsertinn, sem voru áður nefndir) Rondino í Es-dúr woo 25 fyrir átta blásturshljóðfæri, septett í Es-dúr op. 20, sem var á sínum tíma eitt vinsælasta verk Beethovens, sextett í Es-dúr op. 71 fyrir blásturshljóðfæri, sextett í Es-dúr op 81b fyrir tvö horn og strengjakvartett, og loks tvo strengjakvartetta.

Strengjakvartettar eftir ýmsa höfunda hafa ávallt öðru hverju verið á efnisskrá Kammersveitarinnar, og á stöku tónleikum hafa einungis strengjakvartettar verið fluttir. Kvartettinn hefur þá verið skipaður strengjaleikurum úr Kammersveitinni, og hverjir skipuðu hann hefur tekið breytingum eftir því sem árin liðu, nema hvað Rut Ingólfsdóttir hefur lengst af verið í sæti fyrstu fiðlu. Kvartettinn hefur einatt verið kallaður einfaldlega „Kvartett Kammersveitar Reykjavíkur“, en um tíma eignaðist hann sjálfstæðara líf og nefndist þá „Reykjavíkurkvartettinn“.

Reykjavíkurbílgvartettinn lék strengjakvartett Beethovens í F-dúr op. 135 á tónleikum í apríl, maí og júní 1992 í Mið-vági, Þórshöfn og Klakksvík í Færeyjum, í Stykkishólmi og í Borgarnesi, í Björgvin í Noregi, á Listahátíð í Reykjavík og loks á íslenskri listahátíð í Glasgow, alls átta sinnum; en Kvartett Kammersveitar Reykjavíkur lék strengjakvartett í d-moll KV 421 eftir Mozart fimm sinnum á ferð sinni til Kaupmannahafnar og Litháen í september 1991, og sama kvartett ásamt kvartettnum í c-moll op. 18 nr. 4 eftir Beethoven á tónleikum í Rómaborg í febrúar 2010.

Fyrstu verkin eftir Franz Schubert sem Kammersveitin flutti voru í apríl 1979 á tónleikum helguðum verkum eftir hann einan í tilefni hundrað og fimmtugustu ártíðar hans; flutt voru Scherzó og tríó fyrir sjö blásturshljóðfæri; *Der Hirt auf dem Felsen*, sem Ólöf Kolbrún Harðardóttir söng, en Gunnar Egilson lék á klarínett og Gísli Magnússon á píanó; og loks strengjakvintett í C-dúr D 956. Strengjakvintettinn er einatt talinn vera bezta kammerverk Schuberts, og raunar eitt ágætasta kammerverk allra tíma, enda hefur sveitin flutt það alls átta sinnum, þar á meðal í Stykkishólmi og á Húsavík. En það verk eftir Schubert sem Kammersveitin hefur oftast leikið er kvintett í A-dúr D 667, öðru nafni „Silungakvintettinn“. Í apríl 1990 flutti sveitin hann á tónleikum í Íslensku óperunni, fór síðan í maí með hann í farteskinu (ásamt öðrum verkum, þar á meðal píanókvartett í G-dúr eftir Mozart) í hljómleikaferð um Austurland og Vestfirði og lék hann á tónleikum á Höfn í Hornafirði, Eskifirði, Egilsstöðum, Ísafirði, Þingeyri, Flateyri og Bolungarvík; næst á tónleikum á *XXXII Deia International Music Festival* á Mallorca í júlí 2010, og loks á Kjarvalsstöðum í febrúar 2011. Allt þetta telst vera tíu sinnum. Loks skal minnst á að sveitin hefur flutt okkett Schuberts D 803 þrisvar sinnum, og eru þá talin öll verk Schuberts sem hún hefur flutt opinberlega.

Önnur tónskáld klassíska tímans hafa þurft að láta sér nægja að Kammersveitin hafi flutt verk eftir þau í hæsta lagi tvisvar sinnum. Það vekur kannski eftirtekt að þeirra á meðal skuli vera sjálfur Joseph Haydn, en eftir hann hefur sveitin aðeins flutt *Divertimento* fyrir tréblásarakvintett og hornkonsert nr. 1 í D-dúr. Eftir bróður hans Michael Haydn hefur hún flutt eitt verk og þátt úr öðru, en önnur tónskáld klassíska tímans sem komast á blað með eitt eða tvö verk eru Franz Danzi, Karl Ditters von Dittersdorf, Mauri Giuliani, Johann Nepomuk Hummel, Antonio Salieri og Louis Spohr.



Árstíðirnar eftir Vivaldi fluttar á tíu ára afmæli Kammersveitarinnar 1984.



Málmblássarakvintettinn æfir fyrir jólatónleika í Kristkirkju 1976.



Rómantíska tímabilið

Kammersveitin hefur ekki lagt sérstaka áherzlu á flutning tónsmíða frá rómantíska tímabilinu, en af tónskáldum þess tíma hefur Johannes Brahms auðveldlega yfirhöndina í efnisskrám sveitarinnar. Hún hefur flutt átta verk eftir hann, sum oftast en einu sinni; til samans sextán sinnum. Sveitin flutti strengjakvintettinn í F-dúr op. 88 í Listasafni Íslands í október 1996, en í desember sama ár flutti hún hann á þrennum tónleikum í Caen í Normandí og Vincennes í útjaðri Parísar í tilefni listahátíðarinnar *Les Boréales de Normandie*, sem var helguð Íslandi það árið, ásamt flautukvartett eftir Mozart og íslenskum verkum. Strengjasextettinn nr. 1 í B-dúr op. 4 hefur sveitin einnig flutt fjórum sinnum. Nú á fertugsafmæli Kammersveitarinnar er ráðgert að gefa út geisladisk með þremur verkum eftir Brahms í flutningi sveitarinnar.

Það verk frá rómantíska tímanum sem sveitin hefur oftast flutt er ófullgerður strengjakvartett í F-dúr eftir Eduard Grieg, en Grieg hafði aðeins lokið við tvo fyrstu þættina þegar hann dó. Þessi kvartett var í farteskinu í tónleikaferðum Reykjavíkurkvartettsins árið 1992 um Færeyjar, Ísland, Noreg og Skotland, og hefur því verið fluttur alls tíu sinnum á tónleikum sveitarinnar. Auk þess hefur Kammer-sveitin flutt *Elegische Melodien* op. 34 eftir Grieg, og á sérstökum tónleikum á hundrað og fimmtugasta afmælisári hans árið 1993, sem bar yfirskriftina *Grieg-hátíð*, voru flutt ýmis stutt verk eftir hann, svo sem nokkrar útsetningar hans fyrir strengjakvartett eða litla hljómsveit af eigin píanóverkum og sönglögum, ásamt söngverkinu *Den Bergtekne* op. 32 fyrir baríton, strengjasveit og tvö horn.

Kammersveitin hefur flutt tvö verk eftir Antonín Dvořák, en fjórum sinnum hvort; það eru píanókvintett í A-dúr op. 81 og *Serenaða* í d-moll op. 44. Sömuárið hefur sveitin flutt píanókvintettinn í f-moll eftir César Franck fjórum sinnum. Sveitin hefur tvisvar sinnum flutt septettinn eftir Camille Saint-Saëns fyrir trompet, píanó og



Jólatónleikar í Áskirkju 2003.
Einleikarar Unnur María
Ingólfsdóttir og Rut Ingólfsdóttir

strengjakvintett op. 65 (í annað skiptið í Beijing í Kína), og auk þess hið sívinsæla verk hans *Le Carnaval des Animaux*. Þrjú verk eftir Pjotr Ílitsj Tsjajkovskij hafa verið á efnisskrá sveitarinnar.

Sönglög með píanómeðleik hafa ekki oft verið á dagskrá Kammersveitarinnar, en hún hefur flutt söngverkið *Chanson perpétuelle* op. 37 fyrir sópran, strengjakvartett og píanó eftir Ernest Chausson, og auk þess tvö sönglög eftir hann; sömuleiðis hefur hún flutt píanókvartettinn nr. 1 í d-moll op. 44 og Þrjú lög fyrir flautu og hörpu eftir Gabriel Fauré, en auk þess þrjú sönglög. Eftir önnur tónskáld rómantíska tímabilsins hefur sveitin í hæsta lagi flutt tvö verk.

Anton Bruckner er einn þeirra höfunda sem eiga að eins eitt verk og aðeins einu sinni flutt á vegum Kammer-sveitarinnar, en það er full ástæða til að nefna það alveg sérstaklega: Það er sjöunda sinfónía hans í E-dúr í útsetningu fyrir kammersveit sem var gerð af nemendum Arnolds Schönberg undir leiðsögn hans til að flytja á vegum tónleikafélags Schönbergs, *Verein für musikalische Privataufführungen*, í Vínarborg. Verkið var lengdar sinnar vegna eina verkið á tónleikum Kammersveitarinnar í Bústaðakirkju 25. maí 1986. Þetta var í fyrsta sinn sem sinfónían var flutt á Íslandi, því að það var ekki fyrr en í október árið eftir að Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti það í fyrsta sinn í útgáfunni fyrir fullskipaða hljómsveit (en hún hefur flutt það þrisvar sinnum síðar). Stjórnandi á tónleikum Kammersveitarinnar var Paul Zukofsky.

Á leið til Bretlands 1989.



Morgunblaðið hafði þetta eftir honum í blaðagrein daginn fyrir tónleikana: „Eftir því sem ég kemst næst hefur sjöunda sinfónía Antons Bruckner í útsetningu Arnolds Schönberg fyrir kammersveit ekki verið flutt á tónleikum síðan í Vínborg 1921.“ En þá er frá því að segja að á hinn bóginn herma aðrar heimildir frá því að félag Schönbergs hafi orðið gjaldþrota vegna vaxandi verðbólgu í Austurríki á þriðja áratug síðustu aldar, áður en til þess gæti komið að þessi útsetning sjöundu sinfóníunnar eftir Bruckner væri flutt, svo að hún hefur því ekki verið leikin á tónleikum í Vínborg árið 1921. Eftir nokkuð yfirborðslega leit hefur mér ekki tekizt að finna heimildir um nokkurn annan flutning þessarar útsetningar fyrir árið 2000, en hins vegar séð fullt að hún hafi verið flutt í fyrsta sinn í marz árið 2000. Það er því vel trúlegt, þar til annað kemur í ljós, að flutningur Kammersveitar Reykjavíkur árið 1986 hafi verið heimsfrumflutningur.

Kammersveitin hefur raunar flutt annað þekkt tónverk í útsetningu Arnolds Schönberg fyrir kammersveit, nefnilega *Lieder eines fahrenden Gesellen* eftir Gustav Mahler, og auk þess hefur hún flutt píanókvartett Mahlers í a-moll, ófullgert æskuverk, tvisvar.

Kannski er líka rétt að flokka með rómantíska tímabilinu eina verkið eftir Jean Sibelius sem Kammersveitin hefur flutt, *Rakastava* fyrir strengjasveit, pákur og þríhorn frá árinu 1911, gullfallett verk sem heyrir ekki nema örsjaldan.

Önnur tónskáld rómantíska tímabilsins sem eru skráð með annaðhvort eitt eða tvö verk í efnisskrám Kammersveitarinnar eru Franz A. Berwald, Max Bruch, César Cui, Ernő Dohnányi, Aleksandr Glazúnov, Jaques Ibert, Jules Massenet, Giacomo Puccini, Ture Rangström, Albert Roussel, Bedřich Smetana, Johan Svendsen og Giuseppe Verdi. Hugo Wolf kemst ekki á blað nema fyrir það að sveitin hefur flutt tvö sönglög hans í útsetningu Igors Stravinsky.



Þorkelstónleikar í Listasafni Íslands 2001.



Jólatónleikar í Norðurljósum 2013.



Zukofsky stjórnar Sigrúnu V. Gestsdóttur í Mahler 1985.



Myrkir músíkdagar í Norðurljósum 2013.



Hanna Dóra Sturludóttir fer með talsöngshlutverkið í Pierrot lunaire á Listahátíð í Reykjavík 2014.



Æft fyrir frumflutning
Pierrot lunaire á Íslandi
1980. Rut Magnússon fer með
talsöngshlutverkið og Zukofsky
stjórnar.



Pierrot hópurinn í Þrándheimi
1981.



Tónleikar í Carl Orff salnum,
Gasteik í München 2000.



Tónleikar í Palazzo della Cancelleria í Róm 2010.



Daði Kolbeinsson leikur konsert eftir Martinu 2009.



Tónleikar til heiður Jóni Nordal á Myrkum músíkdögum 1991. Einleikarar Einar Grétar Sveinbjörnsson og Ingvar Jónasson.

Nútíminn: Tuttugasta öldin og sú tuttugasta og fyrsta

Af þeim tónverkum eftir erlenda höfundum sem Kammersveit Reykjavíkur hefur flutt er vel yfir þriðjungur, eða rétt rúmlega þrír áttundu hlutar, saminn á síðustu öld og þessari, þannig að hlutfall nýrra tónverka er talsvert hærra en tónverka frá barokk tímanum (en þau hafa hvert um sig að meðaltali ekki verið flutt alveg jafnoft). Þegar við svo gætum þess að næstum öll íslensk verk sem sveitin hefur flutt eru frá tuttugustu öld eða þeirri og tuttugustu og fyrstu, þá sjáum við að vel yfir helmingur allra verka sem koma fyrir í efnisskrám sveitarinnar er frá þessum tíma. Við skulum fyrst huga að erlendu verkunum og skoða síðan þau íslensku sérstaklega.

Byrjum á þeim tónskáldum sem höfðu náð fullum þroska um aldamótin 1900 eða upp úr þeim og gengu ekki jafnákveðið í berhögg við hefðir nítjándu aldarinnar og seinni höfundar. Carl Nielsen var fæddur sama ár og Sibelius og er eins og hann frægastur fyrir sínfóníur sínar; en tónlist Nielsens er hins vegar miklu fjarri rómantísku stefnunni; henni verður betur lýst sem alveg persónlegri útgáfu af nýklassískum stíl, og hún fær á sig sífellt meiri nútímalæ eftir því sem Nielsen eldist. Kammersveitin hefur flutt sex verk eftir Nielsen, þar af fjögur á „Dönskum haustdögum“ í október 1994, þar sem sveitin lék einungis verk eftir hann. Elzta verk Nielsens sem sveitin hefur flutt er frá árinu 1888, *Lille suite* op. 1 fyrir strengjasveit, sem er ennþá í rómantískum anda, hið yngsta frá 1922.

Claude Debussy var þremur árum eldri en Nielsen og Sibelius, en hefur haft ólíkt meiri áhrif á tónlist tuttugustu aldarinnar. Verk hans voru vissulega talin byltingarkennd á sínum tíma, en hljóma flest nokkuð þægilega í eyrum nútímahlustenda. Kammersveitin hefur flutt tvö verka hans, *Dance sacrée* og *Dance profane* fyrir hörpu og strengjasveit, og sónötu fyrir flautu, hörpu og lágfíðlu.

Maurice Ravel, fjórtán árum yngri en Debussy, á fjögur verk á efnisskrám Kammersveitarinnar, en sum flutt oftast en einu sinni, þannig að sveitin hefur flutt verk eftir hann alls níu sinnum, þar af hefur „Inngangur og allegro“ fyrir flautu, klarínnett, hörpu og strengjakvartett verið oftast flutt, eða fjórum sinnum.

Manuel de Falla var rúmu hálfu öðru ári eldri en Ravel, en varð þó fyrir talsverðum áhrifum af honum og af Debussy. Kammersveitin hefur flutt tvö verka hans, hinn ágæta konsert fyrir sembal, flautu, óbó, klarínnett, fíðlu og selló og *Brúðuspil meistara Péturs* (*El retablo de maese Pedro*), sem verður bezt lýst sem brúðuleikhúsóperu, sem er byggð á kafla úr *Don Quixote* eftir Cervantes: Riddarinn lánlaus. Don Quixote er viðstaddur sýningu í brúðuleikhúsi og lifir sig svo inn í atburði sýningarinnar að hann ræðst á brúðurnar og eyðileggur brúðuleikhúsið. Kammersveitin flutti verkið á Listahátíð 1996 í Þjóðleikhúsinu, og það var sviðsett að mestu leyti, ef svo má segja: Brúðuleikhúsið var til staðar og brúðusýningin fór fram, Don Quixote mætti í fullu gervi; en hljómsveitin var einnig til staðar á sviðinu, og brúðuleikhúsið var ekki eyðilaggt í lokin, þannig að um hálfgerða konsertuppfærslu var að ræða.

Leoš Janáček er töluvert eldri en allir þeir sem hér voru taldir, einum átta árum eldri en Debussy, fæddur 1854. Meginástæða þess að við hugsum samt yfirleitt um hann sem tuttugustu aldar nútímatónskáld er sú að hann sneri sér ekki að tónsmíðum af fullri alvöru fyrr en tiltölulega seint á ævinni, og hann var kominn yfir fimmtugt þegar hann samdi flestar þær frumlegu tónsmíðar sem halda nafni hans á lofti. Þrjú verk eftir Janáček hafa ratað í efnisskrár Kammersveitarinnar.

Af öðrum tónskáldum sem voru fædd fyrir 1900 og flokkast venjulega ekki með algengustu tízkustraumum tuttugustu aldarinnar má nefna Alfredo Casella, fæddan 1883, en aðgengileg *Serenata per piccola orchestra* hans hefur þrisvar verið á efnisskrá Kammersveitarinnar; og Jaques Ibert, fæddan 1890, en sveitin hefur leikið tvö af verkum

hans. Þá er rétt að minnast hér sérstaklega á Frank Martin, einnig fæddan 1890, sem varð vissulega fyrir áhrifum af meginstraumum tónlistar á síðustu öld, en skapaði sér þó alveg sérstakan stíl, sem er ekki auðvelt að flokka. Kammersveitin hefur flutt *Serenade* fyrir flautu, strengjasveit og píanó eftir Martin, þar sem Áshildur Haraldsdóttir lék á flautuna, og konsert hans *Polyptyque* fyrir fiðlu og tvær litlar strengjasveitir, þar sem Unnur María Ingólfsdóttir lék á fiðluna, en tónleikar sveitarinnar í marz 2004, þar sem eingöngu var flutt einsöngsverk hans *Die Weise von Liebe und Tod des Cornets Christoph Rilke* samið við ljóðræna smásögu eftir Rainer Maria Rilke, eru meðal eftirminnilegustu tónleika Kammersveitarinnar; Rannveig Fríða Bragadóttir fór þá með einsöngshlutverkið.

Og þá er komið að þeim tveimur meisturum tuttugustu aldarinnar sem áttu mestan þátt í að skapa það sem kallað hefur verið „nútímatónlist“ og eru líka fyrirferðarmestir af erlendum nútímatónskáldum í efnisskrám Kammer-sveitarinnar, en það eru þeir Arnold Schönberg og Igor Stravinsky.

Þegar sveitin sneri sér að Schönberg réðst hún ekki á garðinn þar sem hann var lægstur. Á tónleikum hennar á Listahátíð 13. júní 1980 í Þjóðleikhúsinu bauð hún upp á þrjú Schönberg-verk: Fyrst var strengjakvartett nr. 2, þar sem Schönberg notar sópranrödd ásamt strengjahljóðfærunum í tveimur síðustu þáttunum; Sigrún Gestsdóttir söng. Næst flutti Anna Málfríður Sigurðardóttir Sex lítil píanólög op. 13. Loks var tímamótaverkið *Pierrot lunaire*, sem mörgum finnst að sé „nútímalegasta“ tónverk sem samið hefur verið, og að engum hafi tekizt síðan að gera neitt nýstárlegra, þótt alltaf sé verið að reyna. Það var Rut L. Magnússon sem fór með talsöngshlutverkið, og Paul Zukofsky stjórnaði. Það er álit margra að þessir tónleikar hafi verið einn helzti hápunkturinn í sögu Kammer-sveitar Reykjavíkur, enda hafði verið til þeirra vandað. „Það voru 50 æfingar fyrir Pierrot Lunaire,“ sagði Rut Ingólfsdóttir í viðtalinu sem vitnað var til í upphafi þessarar greinar. „Paul Zukofsky, sem stjórnaði,

var einn af okkar mestu mátarstólpum. Kammersveitin hefði aldrei gert allt það sem hún gerði nema fyrir hans hvatningu. [...] Hann var djarfur, setti sjálfur markið hátt og var mjög kröfuharður. En við vissum líka, að undir hans stjórn myndum við alltaf skila mjög góðu verki. Pierrot Lunaire er dæmi um það.“ Kammersveitin ásamt Rut L. Magnússon endurtók flutninginn á áskrifartónleikum í janúar á næsta ári; hún flutti verkið einnig á Akureyri, á Ísafirði, og loks í Þrándheimi og í Osló í október 1981. Ríkisútvarpið tók flutninginn upp árið 1981 til sýningar í sjónvarpi, og sú upptaka var gefin út á mynddiski árið 2012. Loks ber þess að geta að Kammersveitin flutti *Pierrot lunaire* aftur á Listahátíð á öðrum eftirminnilegum tónleikum nú í maí 2014 á fjórtutíu ára afmælisárinu; Hanna Dóra Sturludóttir fór með talsöngshlutverkið, en Bernhardur Wilkinson stjórnaði.

Á öðrum Schönberg tónleikum í marz 1987 undir stjórn Zukofskys flutti sveitin blásarakvintettinn op. 26 og *Serenade* op. 24; John Speight söng í síðara verkinu. Kammersveitin hefur einnig flutt Kammer-sinfóníu Schönbergs nr. 1, og strengjasextettinn *Verklärte Nacht*, sennilega vinsælasta verk Schönbergs, og það fjórum sinnum.

Þegar að Stravinsky kemur er varla að efa að hæst ber sýningarnar á *Sögunni af dátanum* sem Kammersveitin stóð að ásamt Leikfélagi Reykjavíkur í Iðná á Listahátíð 1976. Textinn var fluttur í þýðingu Þorsteins Valdimarssonar. Sýningarnar urðu fimm og vöktu verðskuldaða hrifningu og athygli. Sveitin hefur einnig flutt svítu úr *Sögunni af dátanum* á tónleikum og auk þess átta önnur verk eftir Stravinsky, sum þeirra tvisvar.

Ef við leitum að eftirminnilegum tónleikum Kammer-sveitarinnar, þá koma margir upp í hugann. Fullyrða má að allir tónleikar með verkum eftir Olivier Messiaen teljist þar með, því að fyrir utan að vera eftirminnileg eru þau einatt löng og erfið í flutningi. Sveitin hefur flutt þrjú þeirra (og raunar frumflutt á Íslandi): Fyrst er að telja *Des Canyons aus Étoiles* (*Frá gljúfrunum til stjarnanna*) fyrir 44 hljóðfæraleikara,



Kammersveitarfélagar æfa verk
eftir Casella 1974.



Tónleikar með Askenazy í Brugge
2003.



Mozart æfing 1987.



Paul Zukofsky og Jón Nordal 1991.



Kammersveitin haustið 1997.



Myrkir músíkdagar í
Norðurljósum 2012.



Á leið út á land 1990.

sem sveitin flutti í febrúar 1989 undir stjórn Zukofskys, *Quattor pour la fin du temps* (Kvartett fyrir endalok tímans), sem sveitin hefur flutt tvisvar, í febrúar 1977 og í nóvember 1993; flutningurinn frá 1977 var gefinn út á geisladiski; og loks *Trois petites liturgies de la Présence Divine* fyrir kvennakór og hljómsveit; aftur undir stjórn Zukofskys.

Einnig hljóta tónleikar með fjórum verkum eftir Arvo Pärt undir stjórn Andreasar Peers Kähler í febrúar 1998 að teljast með þeim eftirminnilegri, þó ekki væri nema vegna þess að tónskáldið var sjálft viðstatt. Þar voru flutt verkin *Fratres* í útgáfunni fyrir fiðlu, strengjasveit og slagverk; *Es sang vor langen Jahren* fyrir altrödd, fiðlu og víólu; *Trisagion* fyrir strengjasveit; og loks *Te deum* fyrir kóra, píanó, segulband og strengjasveit; Hamrahliðarkórarnir sungu. Kammersveitin hefur á öðrum tónleikum flutt eitt verk að auki eftir Pärt.

Tónleikar með fjórum verkum eftir Henryk Górecki í febrúar 2000 eru einnig minnisstæðir. Til stóð að tónskáldið yrði einnig viðstatt þá tónleika, en þurfti að hætta við vegna veikinda; Górecki átti við alvarlegan heilsubrest að etja síðustu tíu æviárin.

Eftirminnilegir eru einnig tónleikarnir í apríl 1984 þegar Rut L. Magnússon og John Speight fluttu *Façade* eftir William Walton ásamt Kammersveitinni; þetta er eina verkið eftir Walton sem sveitin hefur flutt.

Af öðrum erlendum tuttugustu aldar tónskáldum á Witold Lutosławski flest verk í efnisskrám Kammersveitarinnar, eða sjö talsins. Næst kemur Bohuslav Martinů með fimm verk og síðan Dmítríj Shostakovítsj með fjögur.

Nefnum nokkur önnur tuttugustu aldar tónskáld sem Kammersveitin hefur flutt verk eftir oftast en einu sinni: Tvisvar hefur hún flutt söngverkið áhrifamikla *Dover Beach* eftir Samuel Barber; John Speight söng í fyrra skiptið, en Ágúst Ólafsson í hið síðara; auk þess hefur sveitin flutt Summer Music fyrir blásarakvintett eftir Barber. Eftir Béla Bartók hefur sveitin flutt tvo strengjakvartetta, nefnilega númer 1 og 4, og þann síðara sex sinnum (hann var með

í för í áður nefndu ferðalagi um Færeyjar og Skotland). Hún hefur flutt annan þáttinn úr Kammerkonsert Alban Bergs og strengjakvartett hans nr. 3. Eftir Luciano Berio hefur hún flutt hið vinsæla söngverk *Folk Songs* þrisvar sinnum og auk þess tvö önnur verk eftir Berio. Jean Françaix á tvö verk í efnisskrám sveitarinnar, Sofia Gubaidulina sömuleiðis tvö, Darius Milhaud tvö, Sergej Prokofév tvö, Francis Poulenc þrjú, Alfred Schnittke tvö, Heitor Villa-Lobos þrjú og Anton Webern tvö.

Erlend tónskáld utan Norðurlandanna á tuttugustu öld sem eiga aðeins eitt verk í efnisskrám Kammersveitarinnar eru John Adams, Pierre Boulez, Benjamin Britten, Alejandro Castaños, Niccolò Castiglioni, Aaron Copland, George Crumb, Peter Graham, Paul Hindemith, Charles Ives, Gordon Jacobs, André Jolivet, Gideon Klein, György Kurtág, György Ligeti, Sergin Natra, Teh Tze Siew, Ondrej Stochl, Karlheinz Stockhausen, Joaquin Turina, Edgar Varèse, Judith Weir og Pavel Zemek.

Ef Sibelius og Nielsen eru frátaldir hefur enn ekki verið minnst á tónskáld sem eru eða hafa verið búsett á Norðurlöndum, því að ég vildi gera þeim sérstök skil hér undir lokin: Kammersveitin hefur ævinlega lagt sig sérstaklega eftir flutningi nýrra norrænna verka, hefur frumflutt nokkur og pantað nokkur. Meðal verka eftir tónskáld búsett á Norðurlöndum sem sveitin hefur frumflutt eru *Transitus per punctum* eftir Kukka Koskinen; *Skulptörens öga* [ný útgáfa] eftir Katarína Leyman, Konsert fyrir sembal og kammersveit eftir Milós Maros; *Weeps and Ghosts* eftir Jan Erik Mikalsen og Tilbrigði fyrir kammersveit eftir Ketil Sæverud [síðar Hvoslef].

Önnur tónskáld frá Norðurlöndum sem sveitin hefur flutt verk eftir (í flestum tilvikum aðeins eitt) eru Kristian Blak, Sven-Erik Bäck, Peter Bruun, Eivind Buene, Jan Carlstedt, Göran Gamstorp, Rune Glerup, Eskil Hemberg, Vagn Holmboe, Reine Jönsson, Jouni Kaipainen, Dagfinn Koch, Lars-Erik Larsson, Invar Lidholm, Simon Löffler, Arne Nordheim, Wolfgang Plagge, Einojuhani Rautavaara,



Fyrir jólatónleikana 1983. Rut, Sesselja, Inga Rós, Rósa Hrund, Helga Hauks og Helga Ingólfs.



Hrafnkell Orri, Stefán Jón, Stefán Ragnar og Sigurður Bjarki einleikarar á jólatónleikum í Áskirkju 2002.



Dvořák Serenadan 1997.



Þorkelstónleikarnir á
Kjarvalsstöðum 2001.

Karin Rehnquist, Aulis Sallinen, Sven-David Sandström, Kenneth Sivertsen, Bent Sörenson og Jukka Tiensuu.

Íslensk tónlist

Það er ósköp eðlilegt að við hugsum yfirleitt um Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem nítjándu aldar tónskáld. Hann fæddist árið 1847, og öll tónlist hans er í rómantískum anda. Hins vegar virðist ekki vera allsendis auðvelt að tímasetja verk hans. Hann lifði fram til ársins 1927, og vísbendingar eru um að einhver kammersverka hans geti verið frá árunum kringum 1920. Kammersveitin hefur flutt þrjú af verkum hans á tónleikum, *Reverie* fyrir flautu, selló og hörpu og tvö píanótríó, annað í e-moll og hitt í a-moll; tríóin hvort um sig fimm sinnum. Gefinn hefur verið út geisladiskur með þessum verkum í flutningi sveitarinnar ásamt sónötu í F-dúr fyrir fiðlu og píanó.

Þegar við hugum að flutningi sveitarinnar á íslenskri tónlist kemur í ljós að eitt tónskáld er fyrirferðarmest. Það er Jón Leifs. Kammersveitin hefur lagt sig alveg sérstaklega fram við að kynna verk hans. Hún hefur flutt þrettán þeirra (eða fjórtán, ef við teljum sem eitt verk þætti úr Eddu, óratóriunni op. 20, sem sveitin frumflutti ásamt Pólýfónkórnum á Spáni í júlí 1982) á tónleikum sínum. Sum þessara verka, einkum strengjakvartettana þrjá, flutti hún margoft, þannig að fjöldi flutninga er um það bil fimmtíu. Þannig hefur fyrsti strengjakvartett Jóns verið á efnisskrá sveitarinnar tíu sinnum, annar strengjakvartettinn fimm sinnum, og sá þriðji ellefu sinnum. Árið 1991 hlaut Rut Ingólfssdóttir viðurkenningu STEFS fyrir kynningu og flutning á verkum Jóns Leifs.

Merkustu tónleikar sveitarinnar með verkum eftir Jón Leifs voru eflaust hátíðartónleikarnir sem haldnir voru í Þjóðleikhúsinu fyrsta maí 1999, daginn sem Jón hefði orðið 100 ára, því að þar voru flutt fjögur verk Jóns fyrir einsöngvara og hljómsveit, *Guðrúnarkviða op. 22*, *Nótt op. 59*,

Helga kviða Hundingsbana op. 61 og *Grógaldur op. 62*, en síðari tvö verkin voru frumflutt á tónleikunum. Þessi verk voru síðan gefin út á geisladiski í flutningi sveitarinnar sama ár.

Verkið *Erfljóð op. 35* fyrir karlakór, mezzósópran og fiðlu, var flutt og að hluta til frumflutt á tónleikum Kammer-sveitarinnar á Listahátíð í Reykjavík í maí 2002. Það var einnig gefið út á geisladiski í flutningi sveitarinnar ásamt þeim tveimur verkum Jóns sem teljast kammersverk, fyrir utan strengjakvartettana þrjá, nefnilega *Scherzo concreto op. 58* og kvintettinn op. 50 fyrir flautu, klarínnett, fagott, lágfíðlu og selló, og auk þess er á diskunum útsetning tónskáldsins sjálfs fyrir strengjakvartett af *Variazioni pastorali*, tilbrigði við stef eftir Beethoven, sem voru upphaflega samin fyrir stóra hljómsveit.

Við þetta er svo að bæta að ekki alls fyrir löngu komu kvartettarnir þrír út á geisladiski á vegum Kammer-sveitarinnar, og diskurinn hefur þegar fengið góða dóma erlendis. Þar með hefur sveitin gefið út öll kammersverk Jóns á geisladiskum.

Sá sem kemst næst Jóni Leifs í fjölda flutninga á vegum sveitarinnar er Þorkell Sigurbjörnsson, en Kammersveitin hefur flutt verk eftir hann í hálfan fimmta tug skipta; verkin eru fimmtán, og sum hafa því verið flutt oft. Þar af hefur sveitin frumflutt eftirfarandi verk Þorkels: *Örlagafugl* fyrir klarínnett og strengjasveit, frumflutt í Jörvík og síðan flutt í Hull og Grimsby undir nafninu *Bird of Fate* í ferðalagi sveitarinnar í október 1989; *Mosh*, frumflutt í Brügge á ferðalaginu með Ashkenazy í maí 2003; *Perlukvartettinn*, frumfluttur við vígslu Perlunnar í Reykjavík í júní 1991; *Snorrallög*, útsetning fyrir strengjakvartett af lögum frá 13. öld, flutt á Snorraminningu í Viðey í september 1991; *Stef án tilbrigða*, frumflutt í marz 1981; og *Umleikur* fyrir fiðlu og kammersveit, tileinkað Rut og Kammersveit Reykjavíkur í tilefni 25 ára afmælis sveitarinnar. Kammersveitin hefur gefið út tvo geisladiska með verkum eftir Þorkel.

Sveitin hefur flutt verk eftir Atla Heimi Sveinsson í ein fjörutíu skipti, alls þrettán verk. Nokkur þeirra hefur sveitin



Bach tónleikar í Eldborg á Listahátíð í Reykjavík 2012. Stjórnandi Richard Egarr.



1. maí 1999, 100 ára afmæli Jóns Leifs í Þjóðleikhúsinu. Stjórnandi Johan Arnell.



Bach hópurinn í Hörpu 2012.

frumflutt. Hæst ber þar verkið *Tíminn og vatnið* við kvæði Steins Steinarr fyrir þrjá einsöngvara, kór og kammersveit. Það var frumflutt í Langholtskirkju á Listahátíð í júní 1994 undir stjórn Pauls Zukofsky, en einsöngvararnir voru Marta G. Halldórsdóttir, Sverrir Guðjónsson og Bergþór Pálsson. Verkið tekur um það bil tvær og hálf klukkustund í flutningi. Það var svo gefið út í flutningi sveitarinnar á tveimur geisladiskum hjá cpo-útgáfunni í Þýskalandi. Einnig hefur komið út geisladiskurinn *Á gleðistundu* með verkum eftir Atla Heimi í flutningi Kammersveitarinnar. Þá ber að nefna að Kammersveitin hefur einnig frumflutt eftirfarandi verk eftir Atla: *Á gleðistundu*, sem var frumflutt við setningu Borgarleikhússins 22. október 1989; *Concerto serpentiada* fyrir píanó og kammersveit í marz 1985 með Halldór Haraldsson við píanóið, en Anna Guðný Guðmundsdóttir lék konsertinn síðar með sveitinni á Listahátíð 2000 og á geisladisknum með verkum Atla; *Erjur* fyrir selló, strengjasveit og píanó, sem Erling Blöndal Bengtsson frumflutti með Kammer-sveitinni í janúar 1999; *Hreinn: Gallerí SÚM: 1974*, frumflutt í apríl 1976; *Sjö smámunir fyrir strengjakvartett*, frumflutt í febrúar 1991; en síðasta verkið eftir Atla sem Kammersveitin hefur frumflutt er *Hér vex enginn sítrónuviður*, verk fyrir söngvara og kammersveit við ljóð Gyrðis Elíassonar, sem var flutt í fyrsta sinn á opnunartónleikum Listahátíðar nú í maí 2014, á sömu tónleikum og sveitin flutti *Pierrot lunaire* Schönbergs.

Verk eftir Leif Þórarinsson hefur sveitin flutt rúmlega tuttugu sinnum; verkin eru tíu. Sjö þeirra má finna á geisladiski með tónlist eftir Leif í flutningi Kammersveitarinnar. Af þeim hefur sveitin frumflutt þrjú, og þau eru *Á Kýpros*, frumflutt í febrúar 1994; strengjakvartett nr. 3, frumfluttur í febrúar 1993; og *Vor í hjarta mínu*, kammerkonsert fyrir 12 hljóðfæraleikara, frumfluttur í febrúar 2001.

Kammersveitin hefur flutt verk eftir Jón Ásgeirsson sextán sinnum; verkin eru sjö, og sex þeirra er að finna á geisladiskinum *Sjöstrengjaljóð* með verkum hans og leik

sveitarinnar. Þeirra á meðal er oktett fyrir tréblásara, sem var saminn fyrir Kammersveit Reykjavíkur. Verk eftir Hjálmar H. Ragnarsson má finna fimmtán sinnum í efnisskrám Kammersveitarinnar, verkin eru fimm, og þau er öll að finna á geisladiskinum *Tengsl* með verkum eftir Hjálmar í flutningi sveitarinnar. Sveitin hefur líka flutt verk eftir Pál Pampichler Pálsson sextán sinnum; þar af voru fimm frumflutt: verkið *Helguleikur*, byggt á jólasálmum var frumflutt á jólatónleikum Kammersveitarinnar í desember 1975, og það er eina skiptið sem verk frá tuttugustu öld hefur ratað inn í jólatónleika sveitarinnar; *Kristallar* (2000) var frumflutt í júní árið 2000; *Lantao* í janúar 1980; *Morgen* var samið fyrir Stokkhólmferð sveitarinnar 1981 en frumflutt í Reykjavík í nóvember það ár og *Septembersonnetta* fyrir óbó og strengjakvartett í febrúar 1992. Á geisladiskinum *Kristallar*, þar sem Kammersveit Reykjavíkur flytur verk eftir Pál, má heyra bæði verk sem hafa heyrzt á tónleikum sveitarinnar og nokkur sem ekki hafa heyrzt þar.

Sveitin hefur ellefu sinnum flutt verk eftir Hafliða Hallgrímsson; verkin eru sjö, og þrjú hafa komið út á geisladiski með verkum Hafliða í flutningi sveitarinnar. Hún hefur átta sinnum flutt verk eftir Karólínu Eiríksdóttur; tvö voru frumflutt: *Brot* í janúar 1980; og óbókoncert á Myrkum músíkdögum í janúar 2012. Verk eftir John A. Speight hafa sjö sinnum ratað í efnisskrár Kammersveitarinnar, og hún hefur frumflutt fjögur verka hans: *Cantus I* fyrir óbó og kammersveit; *Cantus VI* fyrir víólu, klarínnett og kammer-sveit; klarínnettukvintett; en eftirminnilegasti frumflutningurinn var kannski ballettinn *Næturgalinn*, saminn út frá ævintýrinu eftir Hans C. Andersen og frumfluttur með dönsurum á sviði Þjóðleikhússins á Listahátíð í júní 1996, á sömu sýningu og *Brúðuspil meistara Péturs* eftir de Falla.

Kammersveitin hefur flutt þrjú verk eftir Hauk Tómasson, þau eru: *FLÉTTA* fyrir kór og hljómsveit, frumflutningur í Hallgrímskirkju á Listahátíð í júní 2011 ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju og Schola cantorum

undir stjórn Harðar Áskelssonar – verkið hefur komið út á geisladiski og mynddiski; *Langur skuggi*, frumflutt á Listahátíð í maí 2002 (og endurflutt þrisvar); og *SERÍA* fyrir 10 hljóðfæraleikara, frumflutt í febrúar 2004 undir stjórn Pauls Zukofsky og frumflutt í nýrri gerð undir heitinu *Catena* á Myrkum músíkdögum í janúar 2012.

Á tónleikum á Myrkum músíkdögum í febrúar 1991 flutti Kammersveitin fjögur verk eftir Jón Nordal: *Adagio*, *Epitafion*, *Concerto lirico* og *Tvisöng*, og þessi verk komu síðan út á geisladiskinum *Jón Nordal. Portrait* í flutningi sveitarinnar undir stjórn Pauls Zukofsky. Sveitin hefur flutt *Concerto lirico* í þrjú önnur skipti, og auk þess frumflutti hún tónverk Jóns Grímu fyrir 11 hljóðfæraleikara á Listahátíð í maí 2002 og hefur endurflutt það þrisvar.

Auk þeirra verka sem þegar hafa verið talin hafa eftirfarandi verk verið frumflutt (eða frumflutt á Íslandi) af Kammersveit Reykjavíkur: *Quatrain* fyrir saxófónkvartett, strengjasveit og slagverk eftir Áskel Másson (frumflutningur á Íslandi); *Laur* fyrir 13 hljóðfæraleikara eftir Guðmund Stein Gunnarsson; *Arma virumque cano* (frumflutningur á Íslandi, og endurflutt) eftir Gunnar Andreas Kristinsson, og Sisyfos, konsert fyrir klarínnett og 13 hljóðfæri eftir sama höfund; *Héxié* fyrir strengi, píanó og rafhljóð eftir Hlyn Vilmundarson; *HEX* fyrir horn og strengi eftir Huga Guðmundsson; þrjú verk eftir Jónas Tómasson, nefnilega *Caballo de quatro lunas*, *Diaphane* og *MMOSO; IS/UK* eftir Oliver Kentish; *Kvæði* fyrir barítón og strengjasveit eftir Sigurð Sævarsson, byggt á ljóðum Snorra Hjartarsonar; *Phantasmagoria* eftir Steingrím Rohloff; ... og í *augunum blik minninga* eftir Svein Lúðvík Björnsson (endurflutt tvisvar) og *Quasi concerto* fyrir fiðlu og strengi eftir sama höfund (endurflutt einu sinni); *Monologues-Dialogues* fyrir bassaklarínnett og kammersveit eftir Tryggva M. Baldvinsson (einnig flutt í Rotterdam 2005 á þingi bassaklarínnetteikara); *Polar II – „Arctica“* eftir Úlfar Inga Haraldsson (og sveitin hefur flutt annað verk, *Luce di transizione*, eftir Úlfar); *MMXIII*

eftir Þráin Hjálmarsson; og loks *Hræddur í fótunum* fyrir kammersveit eftir Þuríði Jónsdóttur, en það verk hlaut síðar nafnið *Crus*.

Önnur íslensk tónskáld sem Kammersveit Reykjavíkur hefur flutt verk eftir eru Árni Egilsson, Fjölur Stefánsson, Helgi Pálsson, Herbert H. Ágústsson, Ingi T. Lárusson, Martial Nardeau, Páll R. Pálsson, Szymon Kuran, Valgeir Sigurðsson og Þórarinn Jónsson.



Hringt heim eftir tónleikana í Moskvu 2003.

Niðurlag

Við þessa samantekt hef ég haft fáar heimildir í höndum aðrar en safn af efnisskrám frá tónleikum Kammersveitar Reykjavíkur, og í því safni eru nokkrar gloppur sem ég hef reynt að fylla upp í af beztu getu, en einhverjar kunna þó enn að vera ófundnar. Markmið mitt gat því aðeins verið að gefa yfirlit um starfsemi Kammersveitarinnar fyrstu fjörutíu árin. Að skrifa sögu Kammersveitarinnar þennan tíma hefði verið allt annað og umfangsmeira verkefni. Ég vænti þess þó að þessi samantekt sýni og sanni að Kammersveitin hefur fyllilega staðið undir þeim væntingum að verða ein meginstoðin undir tónlistarlífi landsins. Þetta hefur hún ekki aðeins gert með tónleikahaldi í Reykjavík, þótt það sé nógu merkilegt, heldur hefur hún farið víða um landið til að kynna bæði sígild og íslensk tónverk, og eins hefur hún kynnt íslenska tónlist erlendis, staðið fyrir merkilegri geisladiskaútgáfu, og síðast en ekki sízt stuðlað að tilurð nýrra íslenskra og norræna tónverka. Afmælis-óskir okkar til Kammersveitarinnar hljóta því að vera þær að hún haldi áfram starfi sínu af sömu elju og hingað til.



Á Rauða torginu 2003.




Tónleikar í Bolshoisal
Konservatórísins í Moskvu 2003.



Járnbrautarstöðin í Moskvu eftir
næturförð.



Kammersveitin fyrir framan
stytta af Tchaikovsky við
konservatoríð í Moskvu.



Við fögnum 40 ára afmæli 1974–2014



Kammersveit Reykjavíkur



